

Fagnar öryrkjadómi

Félagið Gedhjálp fagnar niðurstöðu Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins. Gedhjálp gleðst fyrir hönd skjólstæðinga sinna og allra öryrkja yfir því að nú skuli loksins hafa reynt á stjórnarskrárbundin réttindi þeir-

ra og það misrétti sem þeir hafa búið við undanfarin ár vegna skertrar tekjutryggingar leiðrétt.

Félagið vill minna á að hátt hlutfall allra öryrkja má rekja til geðraskana. Geðsjúkdómar færast stöðugt ofar í lista þeirra sjúkdóma sem valda mestri örorku og

eru samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnunni nú í öðru sæti.

„Því er dómurinn mikið fagnadarefni fyrir öryrkja en hvatning til okkar sem vinnum að hagsmunagæslu og forvörnum,“ segir í ályktun frá Gedhjálp.

- BB